

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra, um breytingu á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt.

Ríkisskattstjóri hefur látið reikna breytingar á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt sem taka eiga breytingum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu 1. janúar ár hvert. Byggingarvísitala janúarmánaðar 1996 er 205,5 stig:

- A. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.
Í stað 100.000 kr. komi 200.600 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 194.400 kr.
- B. 7. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum og 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. reglug. nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.
Í stað 3.000 kr. komi 6.030 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 5.840 kr.
- C. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum sbr. 22. gr. laga nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum.
Í stað 600.000 kr. komi 1.204.100 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 1.166.600 kr.
- D. 1. mgr. 5. gr. reglug. nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.
Í stað 350.000 kr. komi 702.400 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 680.500 kr.
- E. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglug. nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, með síðari breytingum.
Í stað 400.000 kr. komi 802.800 kr.
Frá 1. janúar 1995 var þessi fjárhæð 777.800 kr.

Reykjavík, 9. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 5/1996.

Auglýsing frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1988, um breyting á þeim lögum.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 1996 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu- eða kaupleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 1994 framreiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli ríkisskattstjóra fyrir árið 1995.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 1995 telst 8% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 8,6% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 1995. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 1995 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 4. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra, um reglur um skattverð aðila sem hafa með höndum starfsemi samkvæmt reglugerðum nr. 562/1989, 564/1989 og 248/1990.

1. Við ákvörðun á skattverði vegna starfsemi sem fellur undir 2. tölul. 3. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, 3. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 564/1989, um undanþágu á virðisaukaskatti vegna góðgerðarstarfsemi, með síðari breytingum, og 4. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, skal margfalda bein laun með hækkunarstuðlinum 1,3 vegna launatengdra gjalda og annars sameiginlegs kostnaðar.
2. Liggi almennt gangverð ekki fyrir í sams konar viðskiptum og um ræðir í 1. tölul. 3. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 562/1989 og 3. gr. reglugerðar nr. 248/1990 skal ákveða skattverð í umræddri starfsemi með hliðsjón af reglum um stofn til virðisaukaskatts (skattverð) í byggingarstarfsemi.

Reglur þessar eru settar skv. 5. mgr. 2. gr. og 8. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 2. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 562/1989, sbr. 3. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 564/1989, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 248/1990.

Reykjavík, 9. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.